

**Reglugerð fyrir
Afreks – og styrktarsjóð Sveitarfélagsins Ölfuss.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir afreks – og styrktarsjóður Sveitarfélagsins Ölfuss og er hann í vörslu Íþróttá- og tómstundanefndar Ölfuss.

2. gr.

Sjóðurinn veitir styrki og viðurkenningar eftir nánari ákvörðun Íþróttá- og tómstundanefndar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins

Íþróttá- og tómstundanefnd Sveitarfélagsins Ölfuss ákvarðar styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek, og hefur eftirlit með nýtingu styrkja. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið.

4. gr.

Markmið sjóðsins eru:

- a) Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Sveitarfélaginu Ölfusi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig skapa því sem best tækifæri til að stunda íþrótt sína í heimabyggð eða annars staðar eftir atvikum.
- b) Að veita afreksfólki sem náð hefur afburðarárangri í hóp/einstaklingsíþróttum í íþróttafélögum í Sveitarfélaginu Ölfusi fjárhagslegan styrk og gera því kleift að búa sig enn frekar undir áframhaldandi keppni og bættan árangur.
- c) Að styrkja fjárhagslega afreksíþróttafólk sem á lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi og stundar íþrótt sem ekki er iðkuð með íþróttafélagi í heimabyggð.
- d) Að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum.
- e) Að veita styrki vegna menntunar þjálfara/leiðbeinenda.

5. gr.

Viðmið styrkveitinga.

Við styrkveitingar til afreksfólks skal taka mið af eftirfarandi:

- a) Árangri á innlendum og erlendum vettvangi.
- b) Markmiðum og áætlunum um æfingar og/ eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis.
- c) Unnum titlum í íþróttum á árinu.

6. gr.

Umsóknir um styrki.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum úr sjóðnum tvisvar á ári, í apríl og október og þurfa umsóknir um styrki að berast fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert. Stjórninni er heimilt að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun sinni, einnig getur hún veitt styrki og viðurkenningar án umsókna, enda sé hún sammála um slíka fjárveitingu.

Umsóknir um styrki:

- a) Vegna einstaklinga skulu vera í nafni viðkomandi íþróttamanns.
- b) Vegna íþróttahópa skulu vera í nafni viðkomandi íþróttaflokks/-hóps.
- c) Skulu vera staðfestar af formanni deildarinnar/félagsins.

Með umsóknum skulu fylgja:

- a) Áætlanir um æfingar, fyrirhugaða þátttöku í keppnum og markmið íþróttamannsins.
- b) Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- c) Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Stjórn sjóðsins skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast.

7. gr.

Greiðsla styrkja.

Greiðslur úr afreks – og styrktarsjóði eru annarsvegar styrkir og hins vegar viðurkenningar fyrir unna titla.

- a) Styrkir greiðast strax þegar ákvörðun sjóðsstjórnar liggur fyrir.
- b) Viðurkenningar fyrir unna titla greiðast að liðnu keppnistímabili.

Styrkupp hæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

8. gr.

Skyldur styrkþega.

Allir íþróttamenn sem þiggja styrk úr afreks – og styrktarsjóði skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt – og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.

9. gr.

Varsla afreks – og styrktarsjóðs

Vörslu og reiknishald sjóðsins annast fjármála og stjórnsýslusvið Sveitarfélagsins Ölfuss.

10 gr.

Tekjur sjóðsins.

- a) Árlegt framlag úr bæjarsjóði Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni.
- b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
- c) Vaxtatekjur.

11. gr.

Gildistími.

Reglugerðin tekur gildi þegar bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur staðfest hana.

Reglur þessar voru endurskoðaðar af íþrótt- og tómstundanefnd þann 9. apríl 2025 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus þann 23. apríl 2025 og miðast gildistaka við þann dag er bæjarstjórn staðfesti reglurnar.

Vinnureglur

afreks- og styrktarsjóðs um úthlutun afreksstyrkja til liða í efstu deildum innan ÍSÍ

(fylgiskjal með reglugerð sjóðsins)

1. Öll lið í hópíþróttum karla og kvenna sem keppa í efstu deildum innan ÍSÍ eiga rétt á að fá greiddan afreksstyrk.
2. Skilyrði fyrir því að fá greiddan afreksstyrk er að deildin/félagið sé í efstu deild síns sérsambands og með virkt barna- og unglingastarf á sínum vegum.
3. Ákvörðun um úthlutun styrksins er ákvörðuð árlega af bæjarráði.
4. Heildar styrkupp hæð er ákveðin af bæjarstjórn samhliða fjárhagsáætlun ársins með hliðsjón af verðbreytingum.
5. Styrkurinn gildir almanaksárið þó að lið falli eða komist upp um deild á árinu.
6. Íþróttafólk í einstaklingsgreinum geta sótt um afreksstyrk í afreks- og styrktarsjóð Sveitarfélagsins Ölfuss.

Reglur þessar voru samþykktar af íþrótt- og tómstundanefnd þann 15. janúar 2025 og staðfestar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus þann 23. apríl og miðast gildistaka við þann dag er bæjarstjórn staðfesti reglurnar.

